



KVI3C05 – Vinnuferli í kvikmyndun Námsáætlun, vorönn 2021

Kennari/kennarar:
Þiðrik Emilsson

Netfang/netföng:
che@bhs.is

Lýsing:

Í áfanganum vinna nemendur að heildstæðri kynnináætlun fyrir dreifingu og kynningu á útskriftarmynd sinni. Veitt er þjálfun í skipulagningu vinnuferlis ásamt nauðsynlegri tækni til að útfæra hugmyndir og fullvinna verk. Lögð er áhersla á að nemendur nýti sér þá sérhæfðu þekkingu og færni sem þeir hafa aflað sér í kvikmyndagerð, vefhönnun, umbroti og grafískri hönnun. Áhersla er lögð á skapandi hugsun, gagnrýna sýn, sjálfstæð vinnubrögð, samvinnu og skipulag. Viðfangsefni áfangans styðja við og styrkja lokaverkefni nemenda. Lokaafurð áfangans er opinber frumsýning á stuttmynd.

Þekkingarviðmið - Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hvernig nýta má þá sérþekkingu sem hann hefur aflað sér við framsetningu og kynningu á eigin verkum.
- þeim tækjum og hugbúnaði sem nauðsynlegur er í gerð kynningarefnis.
- mikilvægi þess að fylgjast vel með því sem er að gerast í kynningu og dreifingu efnis í ólíkum miðlum.

Leikniviðmið - Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna kynningarefni sem byggir á þekkingu á eigin verki og inntaki þess.
- rökstyðja ákvarðanir á faglegum grunni.
- afla sér nauðsynlgra viðbótaþekkingar.
- lesa og útskýra verk annara af víðsýni og þekkingu.

Hæfniviðmið – Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- þróa hugmyndir sínar og sýna áræðni við útfærslu og framsetningu.
- fjalla um og meta eigin verk á upplýstan og greinargóðan hátt.
- skila heilsteyptri, vel útfærðri kynningu.



KVI3C05 – Vinnuferli í kvikmyndun Námsáætlun, vorönn 2021

Námsmat:

Námsmat í áfanganum er í formi símats þar sem kennarinn metur árangur nemenda í verkefnum, kynningum og þáttöku í umræðum út frá markmiðum áfangans. Mat tekur mið af verkefnavinnu, jafningjamati, frammistöðumati, sjálfsmati og símati (ástundun, þátttaka og framfarir).

- 25% Forvinnsla - handritavinna
- 15% Tökur
- 30% Eftirvinnsla
- 30% Lokasýning – ástundun og virkni

Hlutfallstölur geta breyst með tilliti til aðstæðna og framvindu.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Notaður verður námsvettvangurinn Teams fyrir samskipti milli kennara og nemenda. Nemendum ber að skila öllum verkefnum samkvæmt leiðbeiningum kennara á námsvettvang og/eða vefsíðu strax og þeim er lokið. Nauðsynlegt er að nemendur mæti með heyrnatól.

Námsgögn:

Ljósrit og annað efni sem kennari útdeilir. Innlagdir kennara eru í tímum og verða birtar á námsvettvangi eftir atvikum en mikilvægt er að nemendur mæti í alla tíma enda um verklega einstaklingsmiðaða kennslu að ræða sem ekki verður eingöngu af bókum numin.



KVI3C05 – Vinnuferli í kvikmyndun
Námsáætlun, vorönn 2021

| Vika | Dags. | Námsþættir | Námsmats- þættir |
|------|----------------------|--|---------------------|
| 1 | 6.-8. jan. | PRE-PROD /FORVINNSLA 25% Handritavinna – Forvinnsla | |
| 2 | 11.-15. jan. | 1. Verkefni: Pitch | 5% |
| 3 | 18.-22. jan | 2. Verkefni: Handritsvinna - lagfæringar | 5% |
| 4 | 25.-29. jan. | Drög fyrsta yfirferð – Umræður - kynning | 10% |
| 5 | 1.-5. feb. | 3. Verkefni – Forvinnsla upptaka | 5% |
| 6 | 8.-12. feb. | 4. Verkefni – Sýn leikstjóra | Skóhlífadagar |
| 7 | 15.-19. feb. | 5. Verkefni – Casting - Leikaraval | Varða I |
| 8 | 23.-26. feb. | PROD /TÖKUR 15% | Vorhlé |
| 9 | 1.-5. mars | 6. Verkefni - Forvinnsla upptaka | 5% |
| 10 | 8.-12. mars | 7. Verkefni - Skotlisti | 10% |
| 11 | 15.-19. mars | 8. Verkefni - upptaka | |
| 12 | 22.-26. mars | 9. Verkefni – upptaka | Varða II |
| 13 | 29.mars- 5. apríl | Páskaleyfi | |
| 14 | 6.-9. apríl | POST-PROD/ EFTIRVINNSLA 30% . Eftirvinnsla gróflipp | 10% |
| 15 | 12.-16. apríl | 10. Verkefni – Lokamynd Eftirvinnsla fínflipp | 10% |
| 16 | 19.-23. apríl | 11. Verkefni – LokaKlipp-Eftirvinnsla | |
| 17 | 26.-30. apríl | 12. Frágangur - Kynningarefni | 10% |
| 18 | 3.-7. maí | 13. Lokasýning 30% | |
| 19 | 10.-14. maí | Skil - yfirferð | Kennslu lýkur |
| | | | |

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.